

Borgarráð

***Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við upplýsingatækni hjá Reykjavíkurborg***

Á fundi borgarráðs þann 30. ágúst sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

a) Hver er heildarkostnaður við upplýsingatækni hjá borginni? b) Hvernig skiptist sá kostnaður milli aðkeyptrar þjónustu og innri kostnaðar? c) Hvernig er þessi kostnaður í samanburði við almennan markað?

Svar:

Upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar er ein af deildum skrifstofu þjónustu og reksturs. Deildin rekur eitt stærsta tölvunet landsins með hartnær 10.000 útstöðvum fyrir um 25.000 notendur á yfir 350 starfsstöðum borgarinnar. Upplýsingatæknideild hýsir um 400 terabita af gögnum og rekur um það bil 450 netþjóna. Áætlað er að um það bil 10.000.000 tölvupósta séu árlega sendir í gegnum póstkerfi Reykjavíkur og leysir starfsfólk upplýsingatæknideildar yfir 2.200 verkbeiðnir á mánuði. Hjá upplýsingatæknideild starfa nú 38 starfsmenn við að þjónusta fjölbreyttar kröfur frá sviðum og skrifstofum borgarinnar.

a) Heildarkostnaður við rekstur upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar árið 2017 var 1.913.547 þ.kr. sjá sundurliðun í hjálagðri umsögn.

b) Ytri kostnaður þ.e. aðkeypt þjónusta, hugbúnaðarleyfi og búnaðarkaup var 1.249.858 þ.kr og innri kostnaður þ.e. laun starfsmanna og rekstrarleiga til eignasjóðs var samtals 664.689 þ.kr. Sjá sundurliðun í hjálagðri umsögn.

c) Svar vegna samanburðar kostnaðar Reykjavíkurborgar við almennan markað ásamt nánari útskýringum á kostnaði upplýsingatækni borgarinnar má finna í hjálagðri umsögn skrifstofustjóra skrifstofu þjónustu- og reksturs.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Umsögn skrifstofustjóra skrifstofu þjónustu- og reksturs um kostnað við upplýsingatækni Reykjavíkurborgar

Upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar (UTD) er ein af deildum skrifstofu þjónustu og reksturs (SPR). Deildin rekur eitt stærsta tölvunet landsins með hartnær 10.000 útstöðvum fyrir um 25.000 notendur á yfir 350 starfstöðum borgarinnar.

Upplýsingatæknideild hýsir um 400 terabita af gögnum og rekur um það bil 450 netþjóna. Áætlað er að um það bil 10.000.000 tölvupósta séu árlega sendir í gegnum póstkerfi Reykjavíkur og leysir starfsfólk upplýsingatæknideildar yfir 2.200 verkbeiðnir á mánuði.

Hjá upplýsingatæknideild starfa nú 38 starfsmenn við að þjónusta fjölbreyttar kröfur frá sviðum og skrifstofum borgarinnar.

Heildar kostnaður við rekstur upplýsingatæknideildar árið 2017 var 1.913.547 þ.kr. Þar af er ytri kostnaður 1.249.858 þ.kr. Með ytri kostnaði er átt við aðkeypta þjónustu, hugbúnaðarleyfi og búnaðarkaup.

Innri kostnaður er 664.689 þ.kr. Stærsti hluti þess kostnaðar er launakostnaður starfsmanna eða 402.420 þ.kr en húsaleiga og rekstrarleiga til eignasjóðs eru samtals 261.269 þ.kr.

Ekki er tekið tillit til annars upplýsingatæknikostnaðar svo sem eins og kostnaður sem sviðin greiða beint til annarra en upplýsingatæknideildar, kostnaður vegna ritstjórnar á vefjum eða vinna við gagnaumsýslu í kerfum eða ferlum þeim tengdum enda hafa hvorki UTD eða SPR yfirsýn yfir þann kostnað.

Upplýsingatæknikostnaður R-borgar/UTD 2017 í þús.kr.	Útgjöld 2017	Fjárheimild 2017
Upplýsingatæknideild rekstur samtals ár 2017:	1.619.839	1.642.462
Ný upplýsingakerfi (01395) fjárfesting samtals ár 2017:	293.708	300.000
<b>Útgjöld samtals tengd UTD 2017:</b>	<b>1.913.547</b>	<b>1.942.462</b>
Launaútgjöld samtals (01390+01395):	402.420	424.813
Húsaleiga (01390):	67.484	68.401
Rekstrarleiga til ES:	193.785	176.000
<b>Innri kostnaður samtals:</b>	<b>663.689</b>	<b>669.214</b>
<b>Aðkeypt þjónusta samtals:</b>	<b>1.249.858</b>	<b>1.273.249</b>

Sökum stærðar sinnar og fjölbreytni í þjónustuveitingu er að mörgu leyti flókið að bera upplýsingatæknirekstur borgarinnar við aðra aðila á Íslenskum markaði. Reykjavíkurborg hefur því í tvígang farið í greiningu á ýmsum þáttum í rekstri UTD með greiningarfyrirtækinu Gartner þar sem rekstur borgarinnar var borin saman við sambærilega aðila erlendis. Á árinu 2013 var heildar UT kostnaður um 2,1% af heildarútgjöldum borgarinnar og á árinu 2015 var það hlutfall komið upp í 2,3%. Bæði árin var meðaltalið hjá samanburðaraðilum 3,6%

Ekki hefur verið gerð heildarúttekt á upplýsingatæknikostnaði sveitafélaga á Íslandi en í samanburðargrunni sem Deloitte hefur aðgang að kemur m.a. fram að heildar upplýsingatæknikostnaður er að meðaltali um 4% af heildarrekstrarkostnaði hjá ríki eða sveitarfélögum. Sömuleiðis er í þeim sama grunni heildarstarfsmannafjöldi þeirra sem starfa í upplýsingatækni hjá ríki og sveitarfélögum að meðaltali um 4% af heildarstarfsmannafjölda. Hafa skal í huga að við gerð slíkra greininga er mikilvægt við staðlaðar skilgreiningar á upplýsingatæknikostnaði og samanburðurinn er í öllum tilfellum við erlenda opinbera aðila.

Þegar bera á saman upplýsingatæknikostnað við almennan markað er mjög erfitt að finna samanburð þar sem upplýsingatæknirekstur fyrirtækja er yfirleitt mun einsleitari en rekstur borgarinnar t.d. m.t.t. fjölda kerfa og breytileika starfsstaða. Þörf fyrir upplýsingatækni er einnig breytileg eftir því hvernig fyrirtæki staðsetja sig á markaði. Samkvæmt þeim greiningum sem Deloitte hefur framkvæmt á Íslandi er kostnaður lægstur um 1% meðal framleiðslufyrirtækja og hæstur 8,5% í fjármálageiranum þar sem mikil áhersla hefur verið á rafræna þjónustu og þróun á hugbúnaðarlausnum. Mjög líklegt má telja að upplýsingatæknikostnaður fjölmargra þjónustufyrirtækja muni vaxa á næstunni og má sjá þess merki skýrt í þeim atvinnugreinum þar sem stafræn umbreyting er hafin eða að hefjast, t.d. í fjármála- og tryggingastarfsemi. Á sama tíma mun draga úr öðrum kostnaði, s.s. launa- og húsnæðiskostnaði. Leiða má að því líkum að það sama muni að einhverju leyti eiga við sveitarfélög.